

# FUNDARGERÐ



## Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

### 111. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 18. október 2012 kl. 13:00

#### *Dagskrá:*

1. Fundarsetning:
2. Kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 20.10.2012:
3. Erindi frá Landssambandi hestamannafélaga:
4. Fundargerð Félags-og menningarmálanefndar frá 16.10.2012:
5. Fundargerð Fræðslunefndar frá 10.10.2012:
6. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Pingeyjarsveitar:

#### **Til kynningar:**

- a) Fundargerð 232. fundar stjórnar Eypings:
- b) Ályktanir Eypings 2012:
- c) Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Pingeyinga frá 07.09.2012:

Mætt: Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Erlingur Teitsson í forföllum Ólínu Arnkelsdóttur, Ásta Svavarsdóttir og Árni Pétur Hilmarsson auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

#### **1. Fundarsetning:**

Varaoddviti setti fund.

#### **2. Kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 20.10.2012.**

Lögð fram kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs 20. október n.k. Kjörskrá miðast við skráð lögheimili í sveitarfélaginu eins og það er samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag. Sveitarstjórn samþykkir framlagða kjörskrá eins og hún liggur fyrir og felur sveitarstjóra að undirrita hana.

**3. Erindi frá Landssambandi hestamannafélaga:**

Tekið fyrir erindi frá Landssambandi hestamannafélaga dags. 3. október s.l. þar sem óskað er eftir fjárstuðningi til að skrá reiðleiðir í sveitarfélaginu inn í kortasjá sem verður aðgengileg á netinu.

Erindinu frestað.

**4. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 16.10.2012:**

Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 16.10.2012. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni.

Varðandi 3. lið, Málefni ungmennaráðs, félagsmiðstöðvar og vinnuskóla, tekur sveitarstjórn jákvætt í tillögu nefndarinnar og vísar til vinnslu við gerð fjárhagsáætlunar 2013. Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

**5. Fundargerð Fræðslunefndar frá 10.10.2012:**

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 10.10.2012. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni.

Varðandi 3. lið; Skólastefna, samþykkir sveitarstjórn tillögu nefndarinnar um að stofna stýrihóp. Þá samþykkir sveitarstjórn að í stýrihópnum sitji 5 fulltrúar, Margrét Bjarnadóttir, Arnór Benónýsson, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson, Ólafur Arngrímsson og Harpa Hólmgrímsdóttir. Formaður Fræðslunefndar kallar hópinn saman til fyrsta fundar. Gert verður ráð fyrir kostnaði vegna verkefnisins við gerð fjárhagsáætlunar 2013. Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

**6. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar - endurskoðun:**

Ný sveitarstjórnarlög tóku gildi 1. janúar 2012. Samkvæmt þeim ber sveitarstjórnnum að endurskoða samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélaga með hliðsjón af nýju lögnum. Sveitarstjóra, oddvita og varaoddvita falið að vinna drög að nýrri samþykkt og leggja fyrir sveitarstjórn til samþykktar.

**Til kynningar:**

- a) Fundargerð 232. fundar stjórnar Eyþings:
- b) Ályktanir Eyþings 2012.
- c) Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga frá 07.09.2012:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:07

---

Arnór Benónýsson

---

Erlingur Teitsson

---

Margrét Bjarnadóttir

---

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

---

Friðrika Sigurgeirsdóttir

---

Árni Pétur Hilmarsson

---

Ásta Svavarsdóttir